

## RE: Endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar - Ósk um umsögn

**Til** : Kristinn Pálsson  
**Frá** : Steinar Sigurjónsson <steinar@gogg.is>  
**CC** : Skipulagsmál Mosfellsbæjar  
**Heiti** : RE: Endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar - Ósk um umsögn  
**Málsnúmer** : 202005057  
**Málsaðili** : Mosfellsbær  
**Skráð dags** : 08.10.2020 11:58:06  
**Höfundur** : Steinar Sigurjónsson <steinar@gogg.is>

**Viðhengi** image001.jpg image001.jpg

Sæll Kristinn,

Eftirfarandi bókun var gerð á 491. fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps, þann 7. október 2020;

### 12. Beiðni um umsögn vegna endurskoðunar aðalskipulags Mosfellsbæjar.

*Fyrir liggur bréf frá Kristni Pálssyni, skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar, þar sem kynnt er skipulagslýsing endurskoðunar aðalskipulags Mosfellsbæjar.*

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við lýsinguna.*

*Með bestu kveðju,  
Steinar Sigurjónsson  
Þjónustufulltrúi  
Tæknisvið Grímsnes- og Grafningshrepps  
Sími: 480-5500  
Netfang: [steinar@gogg.is](mailto:steinar@gogg.is)  
Veffang: [www.gogg.is](http://www.gogg.is)  
Borg, 805 Selfoss  
[Skilmálar/Disclaimer](#)*



GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPUR

---

**From:** Kristinn Pálsson

**Sent:** föstudagur, 18. september 2020 14:28

**To:** Skipulagsstofnun ; postur@minjastofnun.is; ust@ust.is; Heilbrigðiseftirlit Mosfellsbæjar ; vegagerdin@vegagerdin.is; ni@ni.is; Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu ; samgongustofa@samgongustofa.is; gudmundurs@biskup.is; skrifstofa@vedur.is; landsnet@landsnet.is; skogmos@internet.is; skipulag@reykjavik.is; Skipulag@kopavogur.is; skipulag@olfus.is; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps

**Cc:** Anna Margrét Tómasdóttir ; Bjorn Gudbrandsson ; Jón Kjartan Ágústsson

**Subject:** Endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar - Ósk um umsögn

## Skipulagslýsing endurskoðunar aðalskipulags Mosfellsbæjar

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að kynna skipulagslýsingu fyrir nýtt aðalskipulag sveitarfélagsins. Um er að ræða endurskoðun á gildandi aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 sem tók gildi 03.10.2013.

Lýsingin verður kynnt fyrir hagsmunaaðilum og íbúum sveitarfélagsins. Öllum verður gefið tækifæri til þess að skila inn umsögn eða athugasemd við lýsinguna. Lýsingin kynnir helstu viðfangsefni, forsendur og meginmarkmið væntanlegs aðalskipulags ásamt því að veita upplýsingar um samráðsferil, umsagnaraðila og tímasetningar helstu verkáfanga.

Skipulagslýsingin verður aðgengileg almenningi á heimasíðu sveitarfélagsins, [www.mos.is/adalskipulag](http://www.mos.is/adalskipulag), en einnig á upplýsingatorgi við bókasafnið að Þverholti 2.

Athugasemdum má skila skriflega á bæjarskrifstofur, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær, stílað á skipulagsnefnd Mosfellsbæjar eða rafrænt á netfangið [skipulag@mos.is](mailto:skipulag@mos.is).

Frestur til þess að skila inn ábendingum og umsögnum er frá **19. september** til og með **23. október 2020**.

Lýsing þessi verður bara send rafrænt nema óskað verði sérstaklega eftir öðru. Þeir sem ekki senda umsögn teljast ekki gera athugasemdir við erindið.

Óskað verður umsagna eftirtalinna aðila:

- Skipulagsstofnunar
- Minjastofnunar Íslands
- Umhverfisstofnunar
- Náttúrufræðistofnunar Íslands
- Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis
- Vegagerðarinnar
- Samgöngustofu
- Kirkjugarðaráðs
- Aðliggjandi sveitarfélaga (Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Sveitarfélagið Ölfuss, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur)
- Veðurstofu Íslands
- Veitna
- Landsnets
- Skógræktarfélags Mosfellsbæjar
- Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins (SSH)

Með kveðju,

Kristinn Pálsson  
Skipulagsfulltrúi

Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar  
Sími: 525 6700  
[www.mos.is](http://www.mos.is)

-----  
Gildi Mosfellsbæjar:

Virðing - Jákvæðni - Framsækni - Umhyggja

[Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum](#)